

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 2 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Félagaréttur (30%)

ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstakt prófblað vegna, Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)

Prófdagur: 3. nóvember 2010

Kl.: 17.00- 21.00

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófbloð: 5 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Fylgibloð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Krossaspurningum skal svarað á prófblaðinu sjálfu.

Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMEREI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

I. Hluti (12%)

Með hf. er átt við hlutafélög önnur en þau sem starfa skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Athugið eftirfarandi:

- Að vægi hvers liðar er jafnt (0,5%).
- Að dregið er frá 0,25% fyrir hvert rangt svar.
- Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en þið merkið við.
- Einungis eitt svar er rétt í hverri spurningu.

1. Firma merkir kennitala fyrirtækis og skráning hjá fyrirtækjaskrá (RSK).

- () Rétt
() Rangt

2. Fyrirtæki er réttareind utan um fjárhagslega starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni.

- () Rétt
() Rangt

3. Ritun firma dótturfélags er það sama og að móðurfélag þess gangist í ábyrgð fyrir dótturfélagið (in solidum).

- () Rétt
() Rangt

4. Hlutafélag (hf.) þarf að lágmarki að hafa fjóra hluti (hlutabréf) ef hlutafé þess er yfir einn milljarður íslenskra króna samkvæmt mati löggilts endurskoðanda.

- () Rétt
() Rangt

5. Í sameignarfélögum er ábyrgð eigenda óskipt (in solidum) inn á við en skipt (pro rata) út á við.

- () Rétt
() Rangt

6. Í sameignarfélögum er skylt að gera skriflegan félagssamning og ræður hann því hve marga aðila þarf til að skuldbinda félagið (rita firmað).

- () Rétt
() Rangt

7. Í sameignarfélögum er ekki skylt að skipa stjórn eða framkvæmdastjóra.

- () Rétt
() Rangt

8. **Væntanlegum hluthöfum er heimilt að gera samning fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags (hf.) sem skuldbindur félagið við stofnun þess.**
() Rétt
() Rangt
9. **Í sameignarfélögum er meginreglan sú að aðili sem gengur úr félaginu getur losnað frá ábyrgð að undangenginni tilkynningu til kröfuhafa og telst slík tilkynning vera ákvöð og ber kröfuhafa að svara vilji hann ekki missa rétt á hendur þeim aðila sem gengur úr sameignarfélaginu.**
() Rétt
() Rangt
10. **Um samvinnufélög gildir að aðeins félagsmenn eru kjörgengir í stjórn.**
() Rétt
() Rangt
11. **Hlutafélag skal skrá innan sex mánaða.**
() Rétt
() Rangt
12. **Hluthafafundir eru æðsta vald hlutafélaga.**
() Rétt
() Rangt
13. **Stjórn hlutafélags sem fær formlega kröfu frá 19% hluthafa um að halda hluthafafund er skylt að halda hluthafafund.**
() Rétt
() Rangt
14. **Um kosningafyrirkomulag í hlutafélögum gildir að ef ekkert er tilgreint í samþykktum skal kosið samkvæmt hlutfallskosningu.**
() Rétt
() Rangt
15. **Meðal verkefna hluthafafundar er að taka fyrir og samþykkja eða synja breytingum á samþykktum félagsins berist lögमत tillaga þess efnis**
() Rétt
() Rangt
16. **Þagnarskyldu stjórnarmanns (sem ekki er eða hefur verið formaður stjórnar) lýkur 2 árum eftir að hann hefur sent tilkynningu til fyrirtækjaskrár (RSK) þess efnis að hann sé ekki lengur í stjórn ef að sú tilkynning er undirrituð af öllum stjórnarmönnum félagsins.**
() Rétt
() Rangt

17. Hlutabréf er skylt að gefa út í einkahlutafélögum.

- Rétt
 Rangt

18. Heimild til kaupa á eigin hlutum félags er veitt af hluthafafundi.

- Rétt
 Rangt

19. Meginreglan er sú að félagi er aðeins heimilt að eiga 20% (1/5) af nafnverði í sjálfu sér (eigin bréf).

- Rétt
 Rangt

20. Endurskoðendur skulu kosnir af stjórn hlutafélagsins.

- Rétt
 Rangt

21. Varamaður stjórnarmanns sem mættur er á stjórnarfund í fjarveru aðalmanns hefur helmingsvægi á við stjórnarformann ef stjórnarformaður einkahlutafélagsins er jafnframt eigandi yfir 10% þess einkahlutafélags.

- Rétt
 Rangt

22. Eigi hlutafélag minna en 10% í sjálfu sér (eigin hluti) hefur hlutafélagið sjálft kaupskyldu við andlát hluthafa, af hans hlutum en þó aðeins upp að 10% markinu, þannig að félagið eigi að hámarki 10% í sjálfu sér.

- Rétt
 Rangt

23. Hluthafafundur hlutafélags má ekki taka ákvörðun sem er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

- Rétt
 Rangt

24. Ef ekkert er tilgreint í samþykktum félags þurfa allir (100%) hluthafar að samþykkja slít á hluthafa hlutafélags

- Rétt
 Rangt

II. Hluti (18%)

Athugið að úrlausn skal skrifuð á sérstaka próförk sem merkt skal prófnúmeri próftaka.

1. Skýrið í stuttu máli frá því hvernig ábyrgð félagsmanna er háttað á skuldbindingum í eftirfarandi félagsformum (5%).
 - a. Sameignarféлага
 - b. Samlagsféлага
 - c. Samvinnuféлага
 - d. Einkahlutaféлага
 - e. Hlutaféлага

2. Fjallið um lækkun hlutafjár í hlutafélögum, svo sem um ástæður lækkunar, helstu reglur við hlutafjárlækkun, hverra hagsmuna skal gæta sérstaklega og takmarkanir á lækkun hlutafjár (13%)